

Artasan ehf.
Suðurhrauni 12A
210 Garðabær

Reykjavík, 20. desember 2021
UST202110-129/B.B.B.
07.05.02

Málslok

Vísað er til bréfs dags. 25.10.2021 um niðurstöður eftirlits þar sem tilgreindar voru kröfur um úrbætur á merkingum fyrir vöruna Steriman Gel Hands Sanitizer skv. 32. gr. efnalaga nr. 61/2013, reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur og reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna. Nánari upplýsingar um umfang og niðurstöður eftirlitsins má nálgast í eftirlitsskýrslu sem birt er á vefsíðu Umhverfisstofnunar í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga.

Þann 10.11.2021 barst Umhverfisstofnun staðfesting frá Artasan ehf., sem er ábyrgt fyrir markaðssetningu vörunnar, að fyrirtækið hafi hætt alfarið sölu hennar hjá heildsölnunni og þann 14.12.2021 barst stofnuninni staðfesting á því að fyrirtækið hafi sótt allar birgðir af vörunni á þeim sölustöðum sem hún var til staðar.

Að framansögðu telst eftirfylgnimáli því sem hófst með bréfi dags. 25.10.2021 lokið.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt efnalögum er óheimilt að markaðssetja vörur sem ekki uppfylla kröfur um merkingar, sbr. 32. gr. efnalaga.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að eingöngu var haft eftirlit með handsóttthreinsum sem stofnuninni barst ábending um. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Artasan ehf. flytur inn og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli laganna.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð 13.200.- kr.

Virðingarfyllst

Bergdís Björk Bæringsdóttir
sérfræðingur

Fífa Konráðsdóttir
sérfræðingur